

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 71/98
frá 31. júlí 1998

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 58/98 frá 4. júlí 1998⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/77/EB frá 2. desember 1996 um sérstök
hreinkleikaskilyrði fyrir önnur aukefni í matvælum en litarefni og sætuefni⁽²⁾ skal felld inn í
samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 46. lið (tilskipun ráðsins 89/107/EBE) í XII. kafla II. viðauka
við samninginn:

„- **396 L 0077:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/77/EB frá 2. desember 1996
(Stjtið. EB L 339, 30.12.1996, bls. 1).”.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L!!!!, bls. !!!! og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. , 1999, bls. ...

⁽²⁾ Stjtið. EB L 339, 30.12.1996, bls. 1.

2. gr.

Texti 3. liðar (tilskipun ráðsins 65/66/EBE) og 17. liðar (tilskipun ráðsins 78/664/EBE) í XII. kafla II. viðauka við samninginn falli niður.

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/77/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. ágúst 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 31. júlí 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner